


# UMHVERFISMÁL Á LANDSPÍTALA GRÆNT BÓKHALLD 2015 - ÁGRIP

Frá árinu 2012 hefur verið unnið eftir umhverfisstefnu og starfsáætlun Landspítala. Með grænu bókhaldi Landspítala er fylgst með uppfyllingu markmiða í starfsáætluninni og umhverfislegum ávinningi umbótaverkefna sem unnið er að. Nánar má lesa um umhverfismál á Landspítala á síðönni: <http://www.landspitali.is/umhverfismal>.

Grænt bókhald á Landspítala er efnisbókhald með tölulegum upplýsingum um hvernig umhverfismálum er háttáð í starfseminni. Það gefur meðal annars yfirsýn yfir magn og kostnað vegna innkaupa á yámsum rekstravörum og þjónustu og vísar þannig á tækifæri til að draga úr bæði umhverfisáhrifum og kostnaði. Jafnframt eru í græna


bókhaldinu reiknaðar út yámsar lykiltölur sem eru samanburðarhæfar og setja umhverfismálin í skýrara samhengi, svo sem endurvinnsuhlutfall, orkunotkun, pappírsnotkun og kolefnisspor. Hér má sjá yámsar tölur úr græna bókhaldinu sem varpa ljós á þau fjölpættu umhverfisáhrif sem starfsemi Landspítala hefur í för með sér.

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna starfseminnar. Í útreikningunum er reiknað með heilstu þáttum sem valda losunini, fyrr utan sjúkraflutninga og hluta vöruflutninga. GHL eru misöflugar, til dæmis veldur eitt tonn af gláð lofti (N<sub>2</sub>O) 310 sinnum meiri GHL-áhrifum en koltvísirringur (CO<sub>2</sub>).



## Afdrif úrgangs frá Landspítala árin 2012 - 2015

### NOKKRAR LÝSANDI GRÆNAR LYKILTÖLUR FYRIR ÁRIÐ 2015:



• Losun koltvisýrings (CO<sub>2</sub>) vegna starfsmána Landspítala árið 2015 var 3.851 tonn sem er á við meðállosun 1.146 fólksbíla á ári (var á við 1.198 bílar árið 2014). Jákvætt er að sjá samdrátt í losun. Áhrifamestu þættimur í losun eru glaðloftsnokun, akstur starfsmána í og úr vinnu, gutfúramleðsla á Hringbraut með svartoli og flug starfsmána vegna erinda erlendis.

• Úrgangur frá Landspítala árið 2015 var daglega 3,5 tonn, jölkst um 4% frá fyrra ári. Af því fóru 974 kg til endurvinnslu. Endurvinnsluhlfall eykst stöðugt og var árið 2015 28%.

• Á árinu hófst endurvinnsla á textil frá saumastofu þvottahúss sem sendir víkulega frá sér eim fatasöfnunargámi Rauða krosssins með fótum, sængurfötum og öðru úrettu líni.


• Lífræn endurvinnsla jölkst um 87% árið 2015. Á árinu bættust allir mæsalir við. Nú fer allur afskurður, óseldir skammtar og leifar sjúklinga í jarðgerð, á árinu voru það 101 tonn.

• Pappírsnotkun hefur aukist eða um 18% milli 2014 og 2015. Notuð voru um 34 tonn 2015, í stað um 29 tonna 2014. Notkunin jámfyllir 820 trjáum.


• Plastspokanotkun í daglegum rekstri Landspítala er mikil, daglega eru notaðir um 4200 pokar en það er 20% minni notkun miðað við 2014. Daglegur kostnaður vegna plastiþoka er um 64.000 kr.

• Árið 2015 voru sett umhverfisskilyrði í 6 útbodum og gerðar 11 vístvænar verðþýrispurnir á vegum Landspítala. Einkenandi í kröfum til birgja var að óska eftir vörum án PVC, DEHP og latex sem hafa slæm áhrif á umhverfi og/eða heilsu. Dæmi um vörun án þessara efna eru: epidural- og spinalsett, barkatúbur, peler, tútur, snuð og öndunargrimur.

#### Magn úrgangs eftir flokkum 2014 og 2015 (tonn)



#### Pappírsnotkun á Landspítala árin 2009-2015 (kg/stöðugildi)



### Viðurkenningar

Landspítali fækki á árinu 2015 Kuðunginn, umhverfisiðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytið fyrir frábærari árangur í umhverfismálum og að vera örðrum til fyrirmynðar.

